

153

5. nóv

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206 frá 8. nóv. 1939,
um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Einnig er börnum innan 14 ára aldurs óheimill aðgangur að almennum kvikmyndasýningum, sem haldnar eru eftir kl. 20.

Foreldrum barnanna eða forráðamönnum, ber að viðlagðri ábyrgð, að sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 5. nóvember 1958.

Gylfi Þ. Gíslason,

Birgir Thorlacius

154

6. nóv.

SAMÞYKKT

um sveitarstjórn í Garðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar, hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé jafnframt hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að þau séu tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti, geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd tekur gilda, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 6. gr. getur, og greiddast þau úr sveitarsjóði.